

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Steinn Jóhannsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vegna skólaársins 2024-2025

Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vegna skólaársins 2024-2025 voru afhent í þrennu lagi, í viðkomandi leikskólum á Degi leikskólans 5. febrúar 2025, á Öskudagsráðstefnu fyrir grunnskólakennara 5. mars 2025 og á frístundaráðstefnunni Höfuð í bleyti 8. maí 2025. Markmiðið með verðlaununum er að vekja athygli á gróskumiklu starfi sem fram fer í leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skólahljómsveitum Reykjavíkurborgar. Verðlaununum er ætlað að veita starfsfólki þessara starfsstaða jákvæða hvatningu og stuðla að nýbreytni og þróunarstarfi.

Verðlaunin sem veitt voru starfsstöðum voru listmunir eftir Sigrúnu Huld Hrafnadóttur ásamt viðurkenningarskjali. Samstarfsverkefni sem hlutu viðurkenningar fengu viðurkenningarskjöl.

Hvatningarverðlaun fyrir leikskólastarf

- Leikskólinn Brekkuborg fyrir *Krummaverkefnið*
- Leikskólinn Klettaborg fyrir verkefnið *Litlir laukar - bragðlaukaþjálfun*
- Leikskólinn Álftaborg fyrir *Hamingjuverkefnið - hamingja barna og starfsfólks*
- Samstarfsverkefni leikskólanna Gullborg, Grandaborg, Laugasól og Ægisborg, *Leikur nám og gleði*

Hvatningarverðlaun fyrir grunnskólastarf

- Foldaskóla fyrir verkefnið *Bekkjargagkerfið – fjármálafræðsla og umbunarkerfi í 5. bekk*
- Hólabrekkskóli fyrir verkefnið *Á ferð og flugi*
- Melaskóli fyrir verkefnið *Ísland áður fyrr*

Hvatningarverðlaun fyrir frístundastarf

- Félagsmiðstöðin Hólmasel fyrir verkefnið *Félagsmiðstöðvahermirinn*
- Félagsmiðstöðin Laugó fyrir verkefnið *Lýðræðishátíð Laugó*
- Frístundaheimilið Vínahéimur fyrir verkefnið *Klúbbastarfshjálparinn*

Viðurkenning fyrir samstarfsverkefni

- Vogaskóli og félagsmiðstöðin Buskinn fyrir verkefnið *Lýðræðisdagur – lýðræðisverkefni Vogaskóla og Buskans*
- Fellaskóli, leikskólinn Holt, leikskólinn Ösp og frístundaheimilið Vínafell fyrir verkefnið *Málþroski og læsi í Fellahverfi*
- Frístundamiðstöðin Tjörninn og Menntavísindasvið Háskóla Íslands fyrir verkefnið *Vaxandi*